

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald á Suðurnesjum.

#### 1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflið b í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi, skal vera kr. 23.752.

#### 2. gr.

Allur kostnaður vegna föngunar hunds sem tekinn er laus, svo sem útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausan hund að ræða.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga, með heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 310/2023 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

*F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum, 18. mars 2024,*

**Ásmundur E. Þorkelsson,**  
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.